



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) er mjög þakklátt góðu samstarfi með Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs. ÍBR er einn af þremur aðilum sem taka á móti og vinna úr tilkynningum um ofbeldi og áreitni í íþróttastarfi á Íslandi. Auk ÍBR eru það Samskiptaráðgjafi og Æskulýðsvettvangurinn sem sinna þessum málum.

Þegar upp koma mál er varða ofbeldi eða áreitni í íþróttum kallar ÍBR alltaf til óháðan fagaðila, sem ÍBR greiðir fyrir, sem stígur inn í málið.

Árið 2021 bárust 64 mál til Íþróttabandalags Reykjavíkur.

	Andlegt ofbeldi	Kynferðisleg áreitni	Kynferðislegt ofbeldi	Líkamlegt ofbeldi	Einelti	Ráðgjöf/ samskiptavandi
Fjöldi tilkynninga	19	15	9	9	8	4
Hlutfall af heild	30%	23%	14%	14%	13%	6%

Mikilvægt er að sami aðili taki á öllum málum er varða ofbeldi og áreitni og að allir sem verða fyrir ofbeldi eða áreitni fá sömu þjónustu óháð búsetu. Augljóst er að ef ÍBR vísaði öllum sínum málum beint á Samskiptaráðgjafa myndast langur biðlisti sem er ekki boðlegt fyrir þolendur ofbeldis. Þar sem um er að ræða mikinn fjölda af málum er augljóst að Samskiptaráðgjafi þarf meira starfsfólk og fjármagn til að geta sinnt þörfinni.

Virðingarfyllt,
f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

Birta Björnsdóttir